

Nd. 555. Frumvarp til laga [347. mál]

um aðgerðir til að bæta hag sjómanna og sjávarútvegs.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984–85.)

I. KAFLI

Um lækkun sérstaks kostnaðarhlutar útgerðar.

1. gr.

1. gr. laga nr. 71 30. maí 1984 orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki sérstakan kostnaðarhlut útgerðar, er nemi 29% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi. Þessi sérstaki kostnaðarhlutur kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Þó skulu 4% af þeim 29%, sem um getur í 1. mgr., koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru yfir 240 brúttórúmllestir, en 25% ekki, og 8% skulu koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru 240 brúttórúmllestir og minni, en 21% ekki.

2. gr.

2. gr. laga nr. 71 30. maí 1984 orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjár sjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 7% sem sérstakan kostnaðarhlut útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, auka-aflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar í stað og gilda frá 1. mars 1985 og taka til afla, sem landað er frá þeim tíma.

II. KAFLI

Um sjómannafrádrátt.

Breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

4. gr.

1. másl. 1. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Sjómannafrádrátt að fjárhæð 180 kr. fyrir hvern dag sem lögskráður maður á íslensku skipi eða skipi gerðu út af íslensku skipafélagi telst stunda sjómannsstörf.

5. gr.

2. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Frádrátt er nema skal 12% af beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum og launum vegna sjómannsstarfa um borð í farmskipum, farþegaskipum, rannsóknarskipum, varðskipum, björgunarskipum og sanddæluskipum. Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn.

6. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

III. KAFLI

Um aðgerðir til lækkunar olíuverðs.

7. gr.

Við 1. gr. laga nr. 52 30. maí 1984, um gjald af umboðspóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta, bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu bankar og innlánsstofnanir, sem versla með erlendan gjaldeyri, endurgreiða olufélögunum frá og með 1. apríl 1985 45% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris vegna kaupa á gasolíu og svartolíu en ríkissjóður fellir jafnframt niður 45% gjaldtöku af mismun sölu- og kaupgengis gjaldeyris og þóknun (próvision) þeirri er bankarnir taka af félögunum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis vegna kaupa á framangreindum vörum.

8. gr.

Lög nr. 6 13. febrúar 1976, um gjald af gas- og brennsluolíum, falli úr gildi frá og með 1. apríl 1985.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr. l. nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum:

Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum falli niður frá 1. apríl 1985:
27.10.60 og 27.10.70.

10. gr.

d-liður 11. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, orðist svo:

1⅓% af heildarsölu olíufélaga annarri en sölu á gasolíu og svartolíu, sbr. 10. gr. d.

Ákvæði þessarar greinar öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu landsútsvars á árinu 1986 vegna sölu á árinu 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 28. febrúar og 1. mars 1985 tókust samningar milli Landssambands íslenskra útvegsmanna f. h. aðildarfélaga þess annars vegar og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands f. h. sambandsfélaga þess vegna yfirmanna á fiskiskipum og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar á Ísafirði hins vegar. Voru þessir samningar samþykktir við atkvæðagreiðslu í aðildarfélögunum.

Hinn 4. mars s.l. náðist samkomulag um nýja kjarasamninga milli samninganefnda útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands um kjör undirmanna á fiskiskipum. Þessir samningar voru hins vegar víðast hvar felldir við atkvæðagreiðslu í félögum sjómanna en samþykktir af hálfu útvegsmanna og hófust því samningaumleitarnir að nýju. Samningar tókust 7. mars sl. Á lokastigi samninganna beindu samninganefndir sjómanna og útvegsmanna þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að hún beitti sér fyrir því, að 2% lækkun sérstaks kostnaðarhlutar útgerðar, sem hún hafði lýst yfir að yrði stefnt að fyrir lok ársins, kæmi til framkvæmda þegar frá 1. mars 1985. Áður hafði eftir fundi með samningsaðilum hjá forsætisráðherra 28. febrúar 1985 verið lagður fram eftirfarandi listi um aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar:

„Listi um aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að greiða fyrir kjarasamningum sjómanna á fiskiskipum og útvegsmanna, lagður fram eftir fundi með samningsaðilum hjá forsætisráðherra 28. febrúar 1985:

1. Fjárhagur áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs verður bættur þannig að hún geti lagt fram 80 m.kr. árið 1985 til þess að bæta lífeyrisréttindi sjómanna á þann hátt, sem þeir og útvegsmenn hafa komið sér saman um. (Sbr. fylgiskjöl I og II með frumvarpi þessu).
2. Sjávarútvegsráðherra mun enn fremur gera ráðstafanir til þess, að áhafnadeildin geti hækkað fæðisdagpeningagreiðslur til sjómanna sérstaklega um 25% frá 1. mars 1985. Fæðisdagpeningar úr deildinni fylgi síðan í meginatriðum breytingum fæðiskostnaðar á fiskiskipum eftir mati stjórnar Aflatryggingasjóðs hverju sinni. Endurgreiðsla úr áhafnadeild til stóru togaranna, þar sem áhafnir hafa frítt fæði, verður aukin sem svarar 25% hækkun fæðisdagpeninga og verður síðan ákveðin samsvarandi föst greiðsla á áhafnarmann á dag, sem útgerðin greiðir með fastakaupi.
3. Fjármálaráðherra mun beita sér fyrir því að fiskimannafrádráttur við álagningu tekjuskatts verði aukinn úr 10% í 12% af launatekjum af fiskveiðum.
4. Ríkisstjórnin lýsir því yfir, að í endurskoðun þeirri, sem hún lætur nú undirbúa á sjóðakerfi sjávarútvegs og löggjöf, er varðar hlutaskipti á fiskiskipum, stefni hún að því að lækka sérstakan kostnaðarhlut útgerðar (eða auka þann hluta hennar, sem kemur til hlutaskipta) um 2% fyrir lok þessa árs. Í þessari endurskoðun verður sérstaklega hugað að því að lækka sérstakan kostnaðarhlut útgerðar við landanir erlendis.
5. Ríkisstjórnin mun þegar gera breytingar á verðlagningu á olíuvörum til útgerðar, m. a. með niðurfellingu opinberra gjalda sem valda mun um 2% lækkun á olíukostnaði útvegsins.
6. Gerðar verði ráðstafanir til þess að olíuverð til fiskiskipa haldist í meginatriðum óbreytt fram yfir miðjan maí n.k.

7. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir breytingartillögum á ákvæðum frumvarps til siglingalaga um tryggingar sjómanna, sem nú liggur fyrir Alþingi, í samræmi við samkomulag sjómanna og útvegsmanna, sem fylgir þessum lista.“ (Sbr. fskj. III með frumvarpi þessu).

Ríkisstjórnin leggur með þessu frumvarpi fyrir Alþingi tillögur um framkvæmd framangreindra aðgerða, þar sem meðal annars er kveðið á um, að 2% lækkun sérstaks kostnaðarhlutar útgerðar, sbr. 4. lið hér að framan, komi til framkvæmda þegar frá 1. mars 1985. Auk þess er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins þar sem meðal annars eru ákvæði til að framkvæma 1. og 2. tölulið listans hér að framan. Þá hefur samgönguráðherra ritað samgöngunefnd efri deildar bréf til þess að fylgja eftir 7. töluliðnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

UM I. KAFLA

Um 1. og 2. gr.

Hér er lagt til, að sú 2% lækkun sérstaks kostnaðarhlutar útgerðar, sem ríkisstjórnin hafði lýst yfir, að stefnt yrði að fyrir lok þessa árs (sbr. 4. lið í listanum hér að framan), komi til framkvæmda þegar frá 1. mars 1985, jafnt við sölu innanlands sem erlendis. Þetta er gert að tilmælum sjómanna og útvegsmanna í bréfi dagsettu 7. mars 1985 (Fskj. IV).

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um II. KAFLA

Með ákvæðum þessa kafla er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt í samræmi við 3. tl. í lista ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að greiða fyrir kjarasamningum. Jafnframt eru í þessum kafla gerðar tillögur um jöfnun á skattalegri stöðu farmanna og fiskimanna en fyrirheit fjármálaráðherra um þær breytingar áttu þátt í lausn á kjaradeilu farmanna.

Um 4. gr.

Algengt er að erlend leiguskip með íslenskum áhöfnum séu í förum á vegum íslenskra skipafélaga. Af þessum sökum er sú tillaga gerð að hinn fasti sjómannafrádráttur nái til lögskráðra manna á leiguskipum sem eru í förum fyrir íslensk skipafélög.

Um 5. gr.

Sjómönnum er að tvennu leyti mörkuð sérstaða í gildandi lögum. Annars vegar njóta allir sjómenn hins svonefnda sjómannafrádráttar sem er 180 kr. á hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf. Hins vegar fá fiskimenn sérstakan frádrátt sem nemur 10% af beinum tekjum af fiskveiðum. Hinn sérstaki fiskimannafrádráttur var á sínum tíma (1972) lögleiddur til lausnar kjaradeilu og meðal annars rökstuddur með sérstöðu sjómanna vegna fjarveru frá heimili.

Með þessari grein er lagt til að hundraðshluti hins svonefnda fiskimannafrádráttar hækki úr 10% í 12% í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar. Þá er lagt til að frádráttur samkvæmt þessum lið nái jafnt til farmanna sem fiskimanna.

Þau rök sem lágu til grundvallar fiskimannafrádrættinum eiga einnig við um þá farmenn sem starfa langdvölum frá heimilum sínum. Verður því að telja edlilegt að jöfnuð sé skattaleg meðferð sjómanna. Ætla má að fyrirheit um breytingu í þessa átt hafi stuðlað að því að samningar tókust í kjaradeilum farmanna. Frádráttur þessi tekur einungis til launa samkvæmt kjarasamningum sjómanna.

Áætlað hefur verið að tekjuskattur sjómanna við álagningu 1985 lækki um 40—50 milljónir kr. verði frumvarp þetta að lögum, þar af um 20 milljónir vegna hækkunar svonefnds fiskimannafrádráttar úr 10 í 12%.

Um 6. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um III. KAFLA

Með ákvæðum þessa kafla er lagt til að gerðar verði breytingar á ýmsum ákvæðum varðandi opinber gjöld á gasolíu og svartolíu. Samanlögð áhrif þeirra breytinga munu lækka olíuverð til útgerðar um rúmlega 2%. Þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði eru eftirfarandi:

| | Lækkun í m. kr. á ári | Heildaráhrif lækkunar á olíuverð (%) |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------|--------------------------------------------|
| 1. Lækkun leyfisgjalda bankanna, sbr. rgl. nr. 19/1985 um breyting á rgl. nr. 519/1979 | 3,7 | 0,1 |
| 2. Niðurfelling gjalds af umboðspóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta | 22,5 | 0,5 |
| 3. Niðurfelling innflutningsgjalds af gasolíu og svartolíu og niðurfelling magntolls á gasolíu og svartolíu | 4,7 | 0,1 |
| 4. Niðurfelling landsútsvars af gasolíu og svartolíu | 59,2 | 1,33 |
| Samtals: | 90,1 | 2,03 |

Rúmlega helmingur heildarfjárhæðarinnar kemur útgerðinni til góða.

Lækkun leyfisgjalda skv. 1. lið hefur þegar tekið gildi, sbr. rgl. nr. 19/1985.

Þá hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um flutningsjöfnunarsjóð olíu og bensíns, sem væntanlega mun leiða til frekari lækkunar á olíuvörum til útvegsins. Erfitt er að segja nákvæmlega fyrir um hversu mikil sú lækkun verður og er hún því ekki tekin inn í töluna hér að ofan.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að felld verði niður tvenns konar gjöld í ríkissjóð vegna kaupa á gasolíu og svartolíu til landsins. Annars vegar 45% gjald á gengismun. Er lagt til að bankarnir endurgreiði samsvarandi fjárhæð til olíufélaganna og veldur það 0,1% lækkun olíuverðs en lækkun kostnaðar á hverju ári vegna þessa er áætluð 4,3 millj. kr. Hins vegar er lagt til að niður verði fellt 45% gjald í ríkissjóð af umboðspóknun bankanna, enda verði gjaldskrá bankanna vegna viðskipta með gasolíu og svartolíu lækkuð sem þessu nemur og gjöldin verði því 55% af núverandi gjaldskrá. Þetta mun valda 0,4% lækkun olíuverðs og árlegri lækkun olíukostnaðar um 18,2 milljónir króna. Þessar breytingar munu ekki hafa nein áhrif á hag bankanna en tekjur ríkissjóðs munu lækka um 22,5 milljónir á heilu ári.

Um 8. gr.

Lagt er til með þessari grein að lög nr. 6/1976 verði felld úr gildi. Mun niðurfelling þeirra valda 0,1% lækkun olíuverðs og kosta ríkissjóð 4,7 milljónir á ári.

Um 9. gr.

Samkvæmt núgildandi tollskrá er lagður magntollur á gasolíu og svartolíu er nemur 5 aukum á hvert tonn. Hér er lagt til að þessi tollur verði felldur niður. Kostnaður ríkissjóðs af þessu mun nema 18 þús. kr. á ári og niðurfellingin mun valda 0,0005% lækkun verðs á gasolíu og svartolíu.

Um 10. gr.

Með grein þessari er lagt til að sala á gasolíu og svartolíu verði felld niður sem skattstofn landsútsvars hjá olíufélagunum, en landsútsvar er nú 1½% af heildarsölu félaganna. Landsútsvar olíufélaganna er þáttur í verðmyndun á olíuvörum og veldur niðurfelling þess á gasolíu og svartolíu því verðlækkun sem nemur 1,33%. Heildartekjutap sveitarfélaga af þessu miðað við verðlag í febrúar 1985 og sölumagn ársins 1984 er áætlað 59,2 milljónir kr.

Lagt er til að lækkun landsútsvars komi til framkvæmda við álagningu 1986 vegna sölu á árinu 1985. Hún mun engu að síður hafa þegar áhrif til lækkunar olíuverðs samkvæmt þeim reglum sem fylgt hefur verið við ákvörðun verðsins.

Fylgiskjal I.

SAMKOMULAG

um greiðslur iðgjalda til Lífeyrissjóðs sjómanna.

Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands annars vegar og Landssamband ísl. útvegsmanna hins vegar gera með sér svofellt samkomulag fyrir hönd aðildarfélaganna sinna um greiðslur iðgjalda til Lífeyrissjóðs sjómanna:

- Iðgjaldagreiðslur.**
Iðgjaldagreiðslur skulu vera 10% af viðmiðunargrunni. Skulu útvegsmenn greiða 6%, en sjómenn 4%.
- Greitt skal af heildarlaunum í eftirfarandi áföngum.**
- Viðmiðunargrunnur.**
 - Iðgjaldstofn skal ekki vera lægri en kauptrygging.
 - Vinni skipverjar ólögskráðir við skip eða búnað þess skal greiða af þeim launum.
 - Tímabilið 1. mars 1985 til 31. janúar 1986 er viðmiðunargrunnurinn 80% af heildarlaunum.
 - Tímabilið 1. febrúar 1986 til 31. desember 1986 er viðmiðunargrunnurinn 90% af heildarlaunum.
 - Frá og með 1. janúar 1987 skal greitt af heildarlaunum.
- Greiða skal iðgjald af orlofsfé.**
- Samkomulag þetta kemur í stað samkomulags um lífeyrissjóð, er samningsaðilar gerðu með sér þann 16. febrúar 1981.**

Reykjavík, 28. febrúar 1985.

F. h.
F.F.S.Í.
Guðjón A. Kristjánsson.

F. h.
L.Í.Ú.
Kristján Ragnarsson.

Reykjavík, 4. mars 1985.

F. h.
S.S.Í.
Óskar Vigfússon.

ÚTDRÁTTUR

úr gerðabók embættis ríkissáttasemjara vegna funda í málum nr.
1/1985, 3/1985 og 5/1985.

Fundur hófst fimmtudaginn 14. febrúar 1985, kl. 13.30, í húsakynnum ríkissáttasemjara að Borgartúni 22, Reykjavík.

Bókun gerð kl. 22.40:

Samninganefnd útvegsmanna óskar að taka fram, að samkomulag þetta um greiðslur iðgjalda til lífeyrissjóða sjómanna, er háð því skilyrði að sjávarútvegsráðherra ákveði að verja 1% af skiptaverði alls afla úr áhafnadeild Aflatryggingasjóðs til útgerða til þess að standa undir hluta af greiðslum útgerðar til lífeyrissjóða sjómanna. Fjármunir þessir verða teknir af endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti.

Samninganefndum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands er kunnugt um þetta skilyrði og gera ekki ágreining um þessa ráðstöfun.

RÍKISSÁTTASEMJARI

Ofangreindur útdráttur staðfestur,
Elísabet Ólafsdóttir,
skrifstofustjóri.

SAMKOMULAG

er um það á milli FFSÍ og SSÍ annars vegar og FÍB og LÍÚ hins
vegar, að fara þess sameiginlega á leit við Alþingi, að eftirfarandi
breytingar verði gerðar á 172. grein frumvarps til siglingalaga, sem
lagt var fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.

Fjárhæðir miðast við dagsetningu samkomulags þessa.

2. málsgrein 172. greinar verði svohljóðandi:

„Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum, er á hann kunna að falla samkvæmt 1. mgr., sem hér segir:

1. Dánarbætur:

- a) Kr. 360 000 við andlát, er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðareglur mæla fyrir um. Með „maka“ er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.
- b) Kr. 140 000 til viðbótar greiðslu skv. a-lið, ef bætur greiðast skv. c- eða d-lið og skiptist á sama hátt og bætur skv. a-lið.

